



Kæri formaður og klúbbfélagar.

Fyrir hönd Lions á Íslandi sendum við öllum Lionsklúbbum á landinu upplýsingar um Alþjóðlega friðarveggspjaldakeppni Lions. Öllum skólastjórnendum í grunnskólum landsins verður sent bréf á sama tíma. Með þessu bréfi viljum við vekja athygli Lionsklúbba á þessu verkefni með von um að sem flestir sjái sér fært að aðstoða okkur í nefndinni við verkið sem verður unnið á haustönn skólanna 2021 og fælist meðal annars í að hvetja skóla í ykkar nærumhverfi til að taka þátt ef þið hafið tök á, koma til þeirra pappír sem Lions ætlar að láta skera í réttri stærð (ef skólarnir geta ekki útvegað hann sjálfir), sækja myndlistarverkin í skólana sem taka þátt og aðstoða við að velja sigurvegara úr þeim skóla sem klúbburinn hefur verið í tengslum við. Nánari skýringar á þessu öllu koma síðan þegar við vitum hvaða skólar og klúbbar eru tilbúnir til að taka þátt.

Lions leggur áherslu á að koma þessu verkefni á framfæri við skólana nú á vorönn til þess að kennarar geti gert ráð fyrir verkefninu á haustönn 2021. Vonandi sjá sem flestir kennarar sér fært að gefa nemendum sínum kost á að taka þátt í þessu skemmtilega verkefni.

Upplýsingar um verkefnið

Friðarveggspjaldakeppnin var fyrst haldin 1988 og markmiðið að gefa grunnskólanemendum tækifæri til að koma á framfæri á skapandi hátt hugmyndum sínum varðandi heimsfrið og miðla framtíðarsýn sinni til umheimsins. Um það bil 600.000 börn frá 75 löndum taka þátt í keppninni árlega.

Lions á Íslandi styrkir keppnina og er hún opin grunnskólabörnum á aldrinum 11 - 13 ára.

Þema verkefnisins

Hvert ár er valið þema til að vekja ímyndunarafl nemendanna. Tjáning, listrænt gildi og frumleiki eru þau þrjú viðmið sem notuð eru til að meta veggspjöldin á öllum dómstigum. Þemað fyrir árið 2021-2022 er **We Are All Connected**

Við erum öll tengd

Á tímum heimsfaraldurs fögnum við öllu sem tengir okkur saman.-

Tengir okkur hvort öðru-samfélaginu og okkur öll hvar sem við erum í heiminum.

Á þessu ári bjóðum við ungu fólki að sjá fyrir sér, kanna og tjá sig sjónrænt um þessar tengingar

Fulltrúar frá Lionsklúbbi í nágrenni skólana munu hafa samband við þann skóla sem tekur þátt í verkefninu og velja stuðnings klúbbarnir einn sigurvegara úr hverjum skóla og þau verk eru síðan metin af dómnefnd sem velur eitt verk frá Íslandi til að veita viðurkenningu hér heima og senda í alþjóða keppnina.

Í alþjóðakeppninni eru meðlimir lista-, mennta-, fjölmiðla-, friðar- og ungmennasamtaka valdir í dómnefnd sem velur 23 verðlaunahafa og einn sem hlýtur aðalverðlaun.

Verðlaunahafi aðalverðlauna fær ferð á verðlaunaathöfn þar sem hún/hann fær peningaverðlaun að upphæð USD5.000,- (eða sambærilega upphæð í eigin gjaldmiðli) og viðurkenningarskjal. Tveir fjölskyldumeðlimir (annar foreldri eða forráðamaður keppanda) og formaður klúbbs eða annar klúbbmeðlimur (samþykktur af formanni) fylgir sigurvegaranum til athafnarinnar.

23 aðrir verðlaunahafar fá verðlaun að upphæð USD500,- (eða sambærilega upphæð í eigin gjaldmiðli) og viðurkenningarskjal fyrir þátttökuna. Að auki eru verkin 24 til sýnis á Alþjóðþingi.

Keppnisreglur og skilyrði.

- Keppnin er opin grunnskólanemendum sem verða 11, 12 eða 13 ára fyrir 10. nóvember 2021. Fæðingardagur sem skráður er í keppnisgögnin gildir.
- Þema breytist árlega.
- Listaverkið skal ekki vera minna 33cm x 50cm og ekki stærra en 50cmx60cm. Lions getur útvegað pappír í rétttri stærð ef skólarnir eiga ekki möguleika á því. Ekki má ramma inn listaverkin eða festa þau á plötu.
- Aðeins má skila inn einu verki á hvern nemanda og hvert verk verður að vera unnið af einum nemanda.
- Öll listaverk verða að vera eigin sköpun nemandans. Einungis frumrit eru tekin gild.
- Allir málunarmiðlar eru leyfðir. Athugið: verja skal krít, kol og pastel verk með hlífðarúða (*fixative*) til að koma í veg fyrir kám. Ekki má plasta verkin.
- Ekki verður tekið við þrívíðum verkum. Ekkert má líma, hefta eða festa við listaverkin á nokkurn hátt.
- Notkun bókstafa eða númera framan á veggspjaldið, á hvaða tungumáli sem er, er ekki leyfð. Skrifa skal allar undirskriftir eða upphafsstafi listamanna aftan á veggspjaldið.
- Listaverkin ætti að gera á sveigjanlegu efni, svo hægt sé að rúlla því til sendingar í hólki. Ekki brjóta listverkið saman.

Lokadagsetningar

Þau verk sem ekki uppfylla þessar dagsetningar og skilyrði verða dæmd frá keppni.

Síðasti skiladagur til klúbbs eða nefndarinnar er:

10.nóvember. 2021

1.febrúar. 2022

Vinningshafar fá tilkynningu þennan dag eða fyrr.

Með vinsemd og virðingu

Hrund Hjaltadóttir Lkl. Fold

Jórunn Guðmundsdóttir Lkl. Ýr

Póra Bjarney Guðmundsdóttir Lkl. Eir.